



Júdódeild Tindastóls

annáll ársins 2018

Einlægni

誠実



Segðu sannleikann og það sem þér býr í brjósti.

Háttvísi

礼儀



Sýndu öðrum kurteisi og gáttu vel um.

Heiðarleiki

名誉



Stattu við orð þín, temdu þér réttlæti og sanngirni.

Hógværð

謙虚



Forðastu hégóma og mont.

Hugrekki

勇气



Breyttu rétt, jafnvel þó það valdi hræðslu.

Sjálfsstjórn

自制



Hafðu stjórn á gjörðum þínum og skapi.

Vinátta

友情



Vertu góður vinur, hjálpsamur og vingjarnlegur.

Virðing

尊敬



Berðu virðingu fyrir sjálfum þér og öðrum.

Inngangur

Þetta er fimmta árið sem Júðódeild Tindastóls er starfrækt eftir að starfsemi hennar var endurvakin haustið 2014, en fram að því hafði ekki verið boðið upp á júðó á Sauðárkróki í yfir áratug. En Júðódeildin var formlega samþykkt á ný sem deild innan Ungmennafélags Tindastóls á aðalfundi þann 2. mars 2016.

Fyrstu tvö árin fóru æfingar fram í íþróttasal gamla barnaskólans milli Freyjugötu og Sæmundargötu en eftir að sveitarfélagið seldi það húsnæði árið 2016 fluttist æfingaaðstaðan í íþróttahúsið á Sauðárkróki.

Síðustu fjögur ár hefur Júðódeildin einnig verið með vikulegar æfingar á Hofsósi í samstarfi við Ungmennafélagið Neista. Í fyrrahaust hófst starfsemi með svipuðu fyrirkomulagi í Varmahlíð í samstarfi við Ungmenna- og íþróttafélagið Smára en því samstarfi var ekki fram haldið nú í haust.

Síðustu tvö ár hefur Júðódeildin staðið fyrir námskeiði í *blönduðum bardagalistum* þar sem hefur verið boðið upp á æfingar í *boxi*, *kickboxi*, *jujitsu*, *íslenskri glímu*, *júðó* og *karate*. Þessar greinar réðust mest af framboði þeirra þjálfara á svæðinu sem höfðu áhuga og tíma til þess að taka þetta verkefni að sér, en samtals komu níu þjálfarar að þessu námskeiði. Ekki verður boðið upp á þetta námskeið á nýju ári en í staðinn verða opnir tímar fyrir áhugasama sem geta þá æft saman á eigin vegum.

Vorönn hófst 8. janúar og lauk með Vor móti Tindastóls 26. maí. Eftir viðburðaríkt sumar hófst haustönn þann 17. september og lauk með Jólamóti Tindastóls 19. desember.

Hér fyrir neðan verður nú betur gert grein fyrir starfsemi Júðódeildarinnar á nýliðnu ári.



Þátttakendur á Jólamóti Tindastóls. Mynd: Katharina Sommermeier.

Mót

Júðósamband Íslands (JSÍ) stendur fyrir fjórum mótum ár hvert þar sem keppt er í yngri og eldri flokkum. Júðódeildin hefur átt keppendur í yngri flokkum á þessum mótum og má sjá fjölda og árangur keppenda Júðódeildarinnar í töflunni hér fyrir neðan.

Utan JSÍ mótanna er haldið Norðurlandsmót ár hvert fyrir júðófélög á Norðurlandi ásamt því sem Júðódeildin stendur árlega fyrir Jólamóti og Vormóti.

Norðurlandsmótið hefur verið haldið á Blönduósi á haustin og ber Júðófélagið Par-

dus hitann og þungann af skipulagningu þess þó að um samvinnuverkefni allra júðófélaganna á Norðurlandi sé að ræða. Jólamót Tindastóls markar lok haustannar og er innanfélagsmót, eingöngu ætlað iðkendum Júðódeildar Tindastóls. Vormót Tindastóls markar aftur á móti lok vorannar og er það mót opið öllum.

Taflan hér fyrir neðan sýnir einnig upplýsingar um fjölda og árangur keppenda Júðódeildarinnar á þessum þremur mótum.

Fjöldi og árangur keppenda Júðódeildarinnar á mótum.

Mót	Dagsetning	Fjöldi keppenda	Fjöldi verðlauna		
			1. sæti	2. sæti	3. sæti
Afmælistmót JSÍ	17. febrúar	2	0	1	1
Vormót JSÍ	17. mars	3	0	0	3
Íslandsmót JSÍ	14. apríl	3	0	1	1
Haustmót JSÍ	6. október	0	0	0	0
Vormót Tindastóls	26. maí	25	3	10	9
Norðurlandsmót	2. desember	10	5	2	2
Jólamót Tindastóls	19. desember	26	9	9	5



Keppendur á Vormóti Tindastóls. Mynd: Einar Örn Hreinsson.

Æfingabúðir

Júðofélagið Pardus á Blönduósi stóð fyrir æfingabúðum helgina 21. og 22. apríl þar sem um fimmtíu iðkendur og þjálfarar frá Tindastóli, Pardusi og Júðódeild UMF Selfoss tóku þátt. Æfingabúðirnar saman-

stóðu af tveimur æfingum og samveru utan æfingatíma þar sem hægt var að fara í sund eða stytta sér stundir úti við og í félagsmiðstöðinni.



Frá æfingabúðum í júdó á Blönduósi. Mynd: Garðar Hrafn Skaptason.

Alls 16 iðkendur Júðódeildar Tindastóls ásamt foreldrum og þjálfara brugðu sér í æfingaferð til Stokkhólms 9. til 12. ágúst. Þar tóku þeir þátt í æfingabúðum hjá júðófélaginu IK Södra Judo og með í hópnum voru einnig iðkendur frá Pardusi á Blönduósi og Ármanni í Reykjavík. Alls

taldi íslenski hópurinn 21 júðóiðkendur, 4 þjálfara og 9 foreldra. Iðkendur sömu júðófélaga komu saman í Varmahlíð síðastliðið sumar en nú var æft í Stokkhólmi og borgin skoðuð milli æfinga. Þetta var skemmtileg ferð og mikil upplifun fyrir nokkra sem voru að fara í sína fyrstu utanlandsferð.



Frá æfingabúðum IK Södra Judo í Stokkhólmi í Svíþjóð. Mynd: Ragnheiður Blöndal Benediktsdóttir.

Karatefélagið Fram á Skagaströnd bauð júdoiðkendum Tindastóls á æfingabúðir helgina 21. til 23. september. Þjálfari var Karin Hægglund frá Svíþjóð sem hefur átt glæstan keppnisferil í íþróttinni en hefur nú snúið sér að þjálfun sem íslenska katalandsliðið hefur meðal annars notið góðs af.

Þess má geta að Bryndís Valbjarnardóttir, þjálfari hjá Karatefélaginu, hefur verið einn af þjálfurum Júdódeildar Tindastóls í *blönduðum bardagalistum*.

Nokkrir júdoiðkendur Tindastóls nýttu sér þetta einstaka tækifæri til að prófa karate sem er, líkt og júdó, japönsk bardagaíþrótt.



Frá æfinabúðum í karate á Skagaströnd. Mynd: Bryndís Valbjarnardóttir.

Aðrir viðburðir

Sameiginleg æfing allra iðkenda Júdódeildar Tindastóls ásamt iðkendum frá Júdófélaginu Pardusi á Blönduósi var haldin í íþróttahúsinu á Sauðárkróki 21. febrúar. Yfir fimmtíu iðkendur mættu á æfing-

una sem er orðinn árvisst viðburður og endar á bíóferð í Bifröst. Að þessu sinni var horft á íslensku teiknimyndina um Lóa, sem vakti mikla lukku.



Frá sameiginlegri æfingu með Pardusi. Mynd: Katharina Sommermeier.

Aðalfundur Júdódeildar Tindastóls var haldinn 28. febrúar og var þáverandi stjórn endurkjörin, sem reyndar hefur starfað óbreytt frá endurstofnun deildarinnar. En stjórnina skipa Einar Örn Hreinsson

formaður, Helena Magnúsdóttir gjaldkeri, Ingibjörg Ásta Sigurðardóttir ritari og meðstjórnendurnir Magnús Hafsteinn Hinriks-son og Jakob Smári Pálmason.

Júdódeild Tindastóls var boðið að kynna júdó fyrir nemendum Grunnskólans austan Vatna á íþróttadögum skólans sem haldinn var á Sólgorðum í Fljótum 24. apríl. Þar fengu allir nemendur skólans að prófa júdó, ásamt fleiri greinum sem í boði voru.

Þó margir hafi verið að prófa júdó í fyrsta sinn voru þó nokkrir nemendur sem ekki eru ókunnugir íþróttinni, sem er stunduð á Hofsósi undir handleiðslu Jakobs Smára bónda Pálmasonar í Garðakoti. En á Hofsósi hafa á milli tíu og tuttugu iðkendur æft reglulega þetta árið.



Frá júdókynningu á Sólgorðum á íþróttadegi Grunnskólans austan Vatna. Mynd: Einar Örn Hreinsson.

Lokahóf Júdóeildar Tindastóls var haldið 23. maí og þá komu iðkendur, þjálfarar og foreldrar saman og gerðu sér glaðan dag. Við tækifærið voru veittir eignabikarar fyrir efnilegustu júdókonuna og júdómanninn sem að þessu sinni féllu í skaut Ásu Maríu Sigurðardóttur og Arnórs Freys Fjólmundssonar. Eignabikar fyrir besta júdómann Júdóeildarinnar starfsveturinn 2017/2018 fékk svo Þorgrímur Svavar Runólfsson.

Júdódeildin bauð upp á júdónámskeið í sumarTÍM frá 25. til 28. júní. Það eru alltaf mjög fjörugir og skemmtilegir krakkar sem prófa júdó í sumarTÍM og það var engin

undantekning þetta árið, þar sem tæplega tíu krakkar nýttu sér tækifærið.

Júdódeildin bauð upp á júdó á Landsmóti sem fram fór á Sauðárkróki 12. til 15. júlí. Þar höfðu landsmótsgestir tækifæri til að prófa júdó á æfingu sem haldin var í íþróttahúsinu.

Júdódeildin stóð fyrir æfingum í boxi 28. og 29. júlí þegar Daði Ástþórsson kom til Sauðárkróks og hélt tvær æfingar fyrir áhugasama. Daði hefur áratuga reynslu sem boxþjálfari og býr nú á Akureyri þar sem hann þjálfar box hjá Hnefaleikafélagi Akureyrar. Fyrri æfingin var haldin í íþróttahúsinu og sú seinni í Crossfit550.

Æfingahelgi kvennalandslíðsins í júdó var haldin á Sauðárkróki 24. til 26. ágúst. Þar komu helstu júdókonur landsins saman og æfðu undir stjórn landsliðsþjálfara kvenna í júdó, Önnu Soffíu Víkingsdóttur. Einnig voru yngri júdókonur velkomnar að taka þátt í æfingunum og nýttu sér það nokkrar hjá Júdódeild Tindastóls.



Þátttakendur á opinni æfingu kvennalandslíðsins í júdó á Sauðárkróki. Mynd: Einar Örn Hreinsson.



Frá opinni æfingu kvennalandsliðsins í júdó á Sauðárkróki. Mynd: Einar Örn Hreinsson.

Foreldraæfingar voru haldnar á hvorri önn en þá gefst iðkendum tækifæri á að bjóða foreldrum, systkinum, ömmum, öf-um og vinum á æfingu með sér. Alltaf koma

einhverjir á þessar æfingar sem eru að prófa júdó í fyrsta sinn og einnig eru þó nokkrir foreldrar sem aldrei láta sig vanta á þessar æfingar.



Frá foreldraæfingu í haust. Mynd: Einar Örn Hreinsson.

Í lok hvers árs er venja að heiðra iðkendur sem hafa staðið sig vel á æfingum og á mótum og eru góðar fyrirmyndir. Það er gert með tilnefningu deildarinnar til íþróttamanns Tindastóls og með tilnefningum til hvatningaverðlauna ungs íþróttafólks sem hlýtur viðurkenningar á hátíðarsamkomu UMSS.

Þorgrímur Svavar Runólfsson var tilnefndur af Júðódeildinni til íþróttamanns

Tindastóls, en hann er búinn að æfa júdó í á fimmta ár eða frá því að Júðódeild Tindastóls var endurvakin haustið 2014. Hann hefur ávallt verið til fyrirmyndar utan sem innan vallar og sýnt stöðugar framfarir sem júðóiðkandi og tileinkað sér gildi íþróttarinnar. Helsti árangur Þorgríms Svavars á árinu er annað sæti á Íslandsmóti yngri flokka og fyrsta sæti á Norðurlandsmóti í sínum flokki.



Keppendur Tindastóls á Íslandsmóti yngri flokka. Þórunna Ásdís Fjólmundsdóttir, Arnór Freyr Fjólmundsson og Þorgrímur Svavar Runólfsson. Mynd: Einar Örn Hreinsson.



Frá hátíðarsamkomu UMSS. Haukur Rafn Sigurðsson. Mynd: Ingibjörg Ásta Sigurðardóttir.

Haukur Rafn Sigurðsson var að þessu sinni tilnefndur til hvatningarverðlauna UMSS fyrir ungt íþróttafolk. Haukur Rafn hefur, líkt og Þorgrímur, æft júdó frá haustinu 2014 og er vel að þessari viðurkenningu kominn. Hann er hæfileikaríkur, metnaðarfullur og góður æfingafélagi sem gefur ávalt af sér til annarra iðkenda.

Einar Örn Hreinsson, þjálfari og formaður Júdódeildar Tindastóls, hlaut svo hvatningarverðlaun frá UMSS fyrir þjálf-

un og uppbyggingarstarf fyrir Júdódeild Tindastóls.

Að lokum vill Júdódeildin koma þakklæti á framfæri til allra þeirra sem hafa starfað fyrir deildina á nýliðnu jafnt sem fyrri árum. Bestu þakkir til allra þjálfaranna sem vinna gott og mikilvægt starf í sjálfböðavinnu og iðkenda, foreldra og velunnara deildarinnar sem eru boðnir og búnir að aðstoða þegar á reynir. Það væri einfaldlega ekki hægt að starfrækja þessa deild án allra þessara fúsu handa.

Viðauki

Ársreikningur fyrir árið 2018 - Júðódeild Tindastóls**Rekstrarreikningur
01.01.2018-31.12.2018**

Tekjur:	2018	2017
Félagsgjöld	495.262 kr	658.684 kr
Júðóbúningasala	31.500 kr	67.500 kr
Júðóbúningaleiga	140.000 kr	118.750 kr
Peysu og töskusala	133.500 kr	83.000 kr
Aðrir styrkir	294.624 kr	29.835 kr
Ferðastyrkur JSÍ	33.624 kr	93.070 kr
Tekjur af mótum	87.500 kr	114.500 kr
Vaxtatekjur	982 kr	3.462 kr
Ýmsar tekjur	133.326 kr	64.000 kr
Samtals tekjur:	1.350.318 kr	1.232.801 kr

Gjöld:	2018	2017
Júðóbúningar fyrir iðkendur	0 kr	74.624 kr
Peysur og töskur	124.354 kr	182.008 kr
Auglýsingar	72.537 kr	29.386 kr
Tollur af júðóbúningum	24.630 kr	29.496 kr
Tollur af bardagabúnaði	0 kr	40.651 kr
Mótsgjöld	177.535 kr	91.249 kr
Æfingabúðir í Varmahlíð	0 kr	136.242 kr
Styrkir o.þ.h. til iðkenda og þjálfara	108.400 kr	100.000 kr
Gjöld til JSÍ, t.d. gráðugjöld o.s.fr.	15.000 kr	28.500 kr
Vanskilagjald	0 kr	12.377 kr
Þjónustugjöld	47 kr	195 kr
Fjármagnstekjuskattur	216 kr	692 kr
Afskriftir	115.559 kr	115.299 kr
Annar kostnaður	118.956 kr	54.372 kr
Samtals gjöld:	757.234 kr	895.091 kr
Samtals rekstrarniðurstaða	593.084 kr	

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir:	2018	2017
0310-26-001478	1.927.148 kr	1.213.932 kr
Júðódýnur	683.756 kr	759.729 kr
Júðóbúningar	229.303 kr	173.052 kr
Bardagabúnaður	90.803 kr	100.892 kr
Aðrar eignir	0 kr	4.019 kr
Kröfur	80.750 kr	125.250 kr
Samtals eignir:	3.011.760 kr	2.376.874 kr

Skuldir og eigið fé:	2018	2017
Skammtímaskuldir	41.802 kr	0 kr
Eigið fé frá fyrra ári	2.376.874 kr	2.039.164 kr
Rekstrarniðurstaða ársins	593.084 kr	337.710 kr
Samtals skuldir og eigið fé:	3.011.760 kr	2.376.874 kr

Staðfesting kjörinna skoðunarmanna

Asla B. Jónsdóttir

[Signature]